



MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI
Schola Akureyrensis

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2010-2011

Anna Sigríður Davíðsdóttir
Bjarni Guðmundsson
Guðný Guðmundsdóttir
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Starfsáætlun sjálfsmatsnefndar 2010 – 2013	2
Starf sjálfsmatsnefndar við MA skólaárið 2010 – 2011	3
Áfangakannanir	4
Ípróttir	4
Íslandsáfangar	8
Velgengnis dagar	14
Hlýtt á starfsfólk	17
Brotthvarf nemenda	21
Ytra mat á starfi Menntaskólans á Akureyri	21
Starf matsfulltrúa vegna innleiðingar nýrrar námskrár	21
Úrbætur	22
Úrbætur sem vinna þarf að strax	22
Næstu skref í sjálfsmatinu	22
Lokaorð	23

Inngangur

Miklar breytingar eru að verða á námskipan Menntaskólans á Akureyri. Í haust hófst innleiðing á nýrri námskrá sem hefur haft mikil áhrif á skólastarfið. Áhrifin hafa ekki eingöngu náð til 1. bekkjar því kennarar hafa skilað inn tillögum að áfangalýsingum efri bekkja. Því hafa fylgt mikil fundahöld og nokkur skoðanaskipti svo sem á kennarafundum. Breytingunum í fyrsta bekk hefur verið fylgt eftir með viðamiklu mati og þar kemur fram að skiptar skoðanir hafa verið meðal kennara um ágæti þessa.

Sjálfsmatsnefnd 2010 – 2011 skipuðu Anna Sigríður Davíðsdóttir, Bjarni Guðmundsson (formaður), Guðný Guðmundsdóttir og Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir. Fundir voru vikulega á kennslutíma skólans auk frágangsverkefna í upphafi og lok skólaárs. Skipan nefndarmanna í sjálfsmatsnefnd hefur þróast á þá leið að aðstoðarskólameistari hefur setið í nefndinni ásamt þremur til fjórum öðrum starfsmönnum skólans.

Sjálfsmat við framhaldsskóla er lögbundið og því ekki hægt að skera það af á þrengingartímum. Hins vegar hefur ekki verið hægt að brydda upp á nýmælum eða styðja gott starf sem greiða þarf fyrir. Lýðræðislegt sjálfsmat í deildum var eitt þeirra verkefna sem dróst upp við niðurskurð á námsgreinastjórn og er missir af því. Sjálfsmati er ætlað að auka gæði náms, stuðla að umbótum og tryggja lögbundna þjónustu til handa nemendum. Það verður aðeins gert með gagnrýnni athugun á öllum þáttum skólalahaldsins og kjarki til hreinskiptni við sjálfan sig og málefnalegum skoðanaskiptum við samstarfsfólk.

Starfsáætlun sjálfsmatsnefndar 2010 – 2013

Skólaárið 2010-2011:

Október: Áfangakannanir undirbúnar í íþróttum og Íslandsáfanga í samstarfi við matsfulltrúa.

Nóvember: Mat á velgengnisdögum. Undirbúningur þorrastefnu.

Desember: Áfangamat lagt fyrir í íþróttum og vegna Íslandsáfanga.

Febrúar: Hlýtt á starfsfólk með áherslu á samstarf, aðbúnað og líðan.

Mars: Unnið úr niðurstöðum áfangamats og hlýtt á starfsfólk.

Apríl: Áfangakannanir undirbúnar í íþróttum, Íslandsáfanga og mat á velgengnisdögum.

Maí: Áfangamat framkvæmt.

Júní: Unnið að umbótaáætlun, farið yfir starf sjálfsmatsnefndar á skólaárinu og skýrsla skrifuð.

Skólaárið 2011-2012:

Haustönn: Skipuleggja verður nýtt áfangamat sem endurspeglar nýja námskrá. Farið yfir niðurstöður prófa og mætingar síðasta skólaár. Endurskoðun á sjálfsmati og sjálfsmatsaðferðum MA í heild í samræmi við styrkveitingu úr verkefnasjóði skólasamninga.

Vorönn: Hlýtt á nemendur 2. bekkjar vegna innleiðingar námskrár. Könnun meðal foreldra ólögráða nemenda.

Júní: Unnið að umbótaáætlun, farið yfir starf sjálfsmatsnefndar á skólaárinu og skýrsla skrifuð.

Skólaárið 2012-2013:

Haustönn: Farið yfir niðurstöður prófa og mætingar síðasta skólaárs. Áfangamat vegna Íslandsáfanga 1. bekkjar. Áfangamat samkvæmt nýrri námskrá.

Vorönn: Mat á reynslu starfsfólks af nýrri námskrá.

Júní: Unnið að umbótaáætlun, farið yfir starf sjálfsmatsnefndar á skólaárinu og skýrsla skrifuð.

Starf sjálfsmatsnefndar við MA skólaárið 2010 – 2011

Á þessu skólaári fundaði sjálfsmatsnefnd alls 28 sinnum og var fyrsti fundur þann 20. september. Fundartíminn var nú á miðvikudögum eftir hádegi og nýttist vel. Stefán Þór Sæmundsson hafði verið ráðinn matsfulltrúi vegna nýrrar námskrár og fundaði hann nokkrum sinnum með sjálfsmatsnefnd. Var strax í byrjun gengið frá verkaskiptingu sjálfsmatsnefndar og matsfulltrúa og gekk hún nokkuð upp.

Áfangakannanir voru gerðar í íþróttum og Íslandsáföngum. Umsjónarmaður velgengnisdaga Alma Oddgeirsdóttir fylgdi eftir því hvernig til tókst með spurningum til nemenda og kennara. Á þorrastefnu var hlýtt á starfsfólk um aðbúnað og líðan á vinnustaðnum. Annars vegar var það gert með rafrænni könnun og hins vegar í hópum.

Áfangakannanir

Áfangakannanir voru með nokkuð breyttu sniði þrátt fyrir að vera hefðbundnar í framkvæmd. Áfangamat í íþróttum laut því fyrirkomulagi sem verið hefur undanfarin ár. Mat á Íslandsáfanga byggði á nýjum spurningum unnum í samráði við kennara áfangans. Mat á velgengnisdögum sem eru nýlunda í námskrá var algjörlega unnið af þeim sem stjórnðu þeim. Þetta skólaár voru nemendur ekki sóttir í tíma til þess að ljúka könnunum í tölvuveri eins og fyrri ár. Svörun varð talsvert minni og þrátt fyrir ýmsa eftirgangsmuni þá varð svörun í sumum hópum mjög lág. Þetta er erfitt að eiga við því áfangamatið fer yfirleitt fram á síðustu dögum annarinnar og truflun í kennslustund er viðkvæmara mál en í annarbyrjun.

Íþróttir

Áfangakönnunum í íþróttum hafði verið frestað um eitt ár. Því var kominn tími til að skoða hug nemenda í þeim efnum. Viðhorf nemenda til íþróttakennslu var kannað í desember 2010 og maí 2011. Könnunin náði til ellefu áfanga í desember 2010 og svöruðu 213 af 277 sem fengu könnun eða 76%. Spurningalisti var unninn í samráði við íþróttakennara upp úr áfangakönnunum enda ekki hægt að nota hefðbundnar spurningar varðandi bóklega áfanga. Í maí 2011 var kannað viðhorf nemenda til 14 áfanga og svöruðu 232 af 325 sem spurðir voru eða rúmt 71%. Spurningalistar voru örlítið mismunandi milli anna. Á haustönn fengu nemendur 1. og 3. bekkjar lista og þar var t.d. bóklegt nám að hluta sem ekki var á vorönninni. Einnig er áhugasviðsval í íþróttum 3. bekkja. Á vorönn voru nemendur spurðir hvort þeir teldu þátttöku í áfanganum hafa góð áhrif á heilsufar þeirra og líðan.

Áfangakannanirnar eru að venju byggðar á fullyrðingum sem nemendur taka afstöðu til. Almennu eru nemendur mjög sáttir við tilhögun íþróttakennslunnar.

Ég tek virkan þátt í tímum í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	126 (59%)	124 (53%)
Frekar sammála	76 (36%)	79 (34%)
Hvorki sammála né ósammála	8 (4%)	18 (8%)
Frekar ósammála	3 (1%)	10 (4%)
Mjög ósammála	0 (0%)	1 (0%)

Ég sinni heimanámi vel í áfanganum (eingöngu nemendur 1. og 4. bekkjar)

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	65 (50%)	65 (51%)
Frekar sammála	37 (28%)	33 (33%)
Hvorki sammála né ósammála	22 (17%)	25 (20%)
Frekar ósammála	3 (2%)	2 (2%)
Mjög ósammála	2 (2%)	2 (2%)

Líðan mín í áfanganum er góð	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	127 (60%)	150 (65%)
Frekar sammála	67 (31%)	61 (26%)
Hvorki sammála né ósammála	15 (15%)	11 (11%)
Frekar ósammála	4 (4%)	8 (8%)
Mjög ósammála	0 (0%)	2 (1%)

Ég geri ráð fyrir góðum árangri í þessum áfanga	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	88 (42%)	91 (40%)
Frekar sammála	89 (42%)	87 (38%)
Hvorki sammála né ósammála	27 (13%)	39 (17%)
Frekar ósammála	8 (4%)	7 (3%)
Mjög ósammála	0 (0%)	4 (2%)

Ég tel að kennarinn undirbúi kennsluna vel í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	138 (65%)	149 (65%)
Frekar sammála	60 (28%)	60 (26%)
Hvorki sammála né ósammála	15 (7%)	20 (9%)
Frekar ósammála	0 (0%)	2 (1%)
Mjög ósammála	0 (0%)	0 (0%)

Ég er sátt(ur) við framkomu kennarans	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	160 (75%)	199 (87%)
Frekar sammála	40 (19%)	22 (10%)
Hvorki sammála né ósammála	9 (4%)	7 (3%)
Frekar ósammála	3 (1%)	2 (2%)
Mjög ósammála	0 (0%)	0 (0%)

Kennsla hefst yfirleitt stundvíslega í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	150 (70%)	162 (70%)
Frekar sammála	54 (25%)	53 (23%)
Hvorki sammála né ósammála	6 (3%)	14 (6%)
Frekar ósammála	3 (1%)	2 (1%)
Mjög ósammála	0 (0%)	0 (0%)

Kennslustundir eru vel skipulagðar í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	143 (67%)	141 (61%)
Frekar sammála	53 (25%)	59 (26%)
Hvorki sammála né ósammála	17 (8%)	24 (10%)
Frekar ósammála	0 (0%)	7 (3%)
Mjög ósammála	0 (0%)	0 (0%)

Kennarinn hvetur mig áfram í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	106 (50%)	149 (65%)
Frekar sammála	71 (33%)	56 (24%)
Hvorki sammála né ósammála	31 (15%)	20 (9%)
Frekar ósammála	2 (1%)	5 (2%)
Mjög ósammála	2 (1%)	0 (0%)

Kennarinn útskýrir vel til hvers er ætlast í tímum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	127 (60%)	152 (66%)
Frekar sammála	65 (31%)	53 (23%)
Hvorki sammála né ósammála	16 (8%)	22 (10%)
Frekar ósammála	4 (2%)	1 (0%)
Mjög ósammála	1 (0%)	1 (0%)

Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	134 (63%)	174 (76%)
Frekar sammála	59 (28%)	42 (18%)
Hvorki sammála né ósammála	16 (8%)	7 (3%)
Frekar ósammála	3 (1%)	2 (1%)
Mjög ósammála	1 (0%)	5 (2%)

Mér finnst áfanginn áhugaverður	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	108 (51%)	96 (42%)
Frekar sammála	68 (32%)	57 (57%)
Hvorki sammála né ósammála	26 (12%)	45 (45%)
Frekar ósammála	8 (4%)	12 (5%)
Mjög ósammála	3 (1%)	20 (9%)

Mér finnst námsmatið í áfanganum sanngjarnt	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	93 (44%)	91 (40%)
Frekar sammála	70 (33%)	71 (31%)
Hvorki sammála né ósammála	34 (16%)	38 (17%)
Frekar ósammála	13 (6%)	18 (8%)
Mjög ósammála	3 (1%)	12 (5%)

Samskipti nemenda í áfanganum eru góð	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	137 (64%)	163 (71%)
Frekar sammála	52 (24%)	46 (20%)
Hvorki sammála né ósammála	24 (11%)	16 (7%)
Frekar ósammála	0 (0%)	5 (2%)
Mjög ósammála	0 (0%)	1 (0%)

Mér finnst álag í áfanganum hæfilega mikið	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	117 (55%)	127 (55%)
Frekar sammála	57 (27%)	65 (28%)
Hvorki sammála né ósammála	25 (12%)	29 (29%)
Frekar ósammála	10 (5%)	8 (8%)
Mjög ósammála	3 (1%)	2 (1%)

Tími kennslustundarinnar nýtist vel	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	127 (61%)	120 (52%)
Frekar sammála	71 (34%)	71 (31%)
Hvorki sammála né ósammála	8 (4%)	27 (12%)
Frekar ósammála	3 (1%)	10 (4%)
Mjög ósammála	0 (0%)	2 (1%)

Mér finnst námsgögn í áfanganum góð (eingöngu nemendur 1. bekkjar)

	Haustönn
Mjög sammála	58 (46%)
Frekar sammála	37 (30%)
Hvorki sammála né ósammála	26 (21%)
Frekar ósammála	3 (2%)
Mjög ósammála	1 (1%)

Áhugasviðsskipting íþróttakennslunnar er góð (eingöngu nemendur 3. bekkjar)

	Haustönn
Mjög sammála	73 (57%)
Frekar sammála	31 (24%)
Hvorki sammála né ósammála	17 (13%)
Frekar ósammála	4 (3%)
Mjög ósammála	3 (2%)

Ég fæ meira út úr íþróttakennslunni vegna valsins (eingöngu nemendur 3. bekkjar)

	Haustönn
Mjög sammála	78 (63%)
Frekar sammála	18 (15%)
Hvorki sammála né ósammála	19 (15%)
Frekar ósammála	5 (4%)
Mjög ósammála	3 (2%)

Ég tel námsmat í áfanganum endurspeglar áherslur í kennslunni

	Haustönn
Mjög sammála	85 (40%)
Frekar sammála	70 (33%)
Hvorki sammála né ósammála	51 (24%)
Frekar ósammála	6 (3%)
Mjög ósammála	1 (0%)

Pátttaka mín í áfanganum hefur haft góð áhrif á heilsufar mitt og líðan

	Vorönn
Mjög sammála	102 (44%)
Frekar sammála	55 (24%)
Hvorki sammála né ósammála	59 (26%)
Frekar ósammála	9 (4%)
Mjög ósammála	6 (3%)

Nemendur eru almennt mjög ánægðir með tilhögun íþróttakennslunnar við MA. Þeim finnst gaman í íþróttatímum og hlakka til að mæta. Kennarar fá mikið hrós fyrir hvatningu og jákvæðni. Helsta gagnrýnin er á áherslu á afkastamælingar og hvernig þær eru notaðar í námsmati, útihlaup og útiþróttir að vetrinum og mikla áherslu á boltaíþróttir. Í fjórða bekk eru uppi raddir um hvort íþróttir eigi ekki að vera þar val.

Íslandsáfangar

Á skólaárinu voru lagðar fyrir áfangakannanir í Íslandsáföngunum, bæði í desember 2010 og maí 2011. Á haustönn var spurningalisti sendur til 228 nemenda í 1. bekk og var svarhlutfallið 82% en á vorönn fengu 229 nemendur sendan spurningalistann og svarhlutfallið var 76%. Íslandsáfanginn skiptist í tvo hluta, samfélagshluta og náttúrufræðihluta. Hér fyrir neðan hafa niðurstöður verið teknar saman fyrir báða áfangana.

Mér finnst hæfilegt að vera með fjögurra stunda kennslulotur í áfanganum

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	30 (16%)	29 (16%)
Frekar sammála	67 (36%)	52 (30%)
Hvorki sammála né ósammála	55 (29%)	40 (23%)
Frekar ósammála	26 (14%)	37 (21%)
Mjög ósammála	9 (5%)	18 (10%)

Það gagnast mér vel hvernig Moodle er notað í áfanganum

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	32 (17%)	49 (28%)
Frekar sammála	86 (46%)	73 (41%)
Hvorki sammála né ósammála	40 (21%)	35 (20%)
Frekar ósammála	21 (11%)	14 (8%)
Mjög ósammála	10 (5%)	5 (3%)

Líðan mín í áfanganum er góð

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	55 (29%)	38 (22%)
Frekar sammála	90 (48%)	79 (45%)
Hvorki sammála né ósammála	33 (18%)	41 (23%)
Frekar ósammála	21 (11%)	15 (9%)
Mjög ósammála	3 (2%)	3 (2%)

Ég geri ráð fyrir góðum árangri í þessum áfanga	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	41 (22%)	31 (18%)
Frekar sammála	74 (39%)	61 (35%)
Hvorki sammála né ósammála	50 (26%)	57 (32%)
Frekar ósammála	19 (10%)	18 (10%)
Mjög ósammála	5 (3%)	9 (5%)

Ég geri mér góða grein fyrir því til hvers er ætlast í áfanganum

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	21 (11%)	25 (14%)
Frekar sammála	70 (37%)	53 (30%)
Hvorki sammála né ósammála	48 (26%)	59 (34%)
Frekar ósammála	39 (21%)	28 (16%)
Mjög ósammála	10 (5%)	11 (6%)

Ég er sátt(ur) við framkomu kennara

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	39 (21%)	30 (17%)
Frekar sammála	92 (49%)	77 (44%)
Hvorki sammála né ósammála	41 (22%)	41 (23%)
Frekar ósammála	15 (8%)	20 (11%)
Mjög ósammála	2 (1%)	8 (5%)

Ég fæ oft misvísandi skilaboð frá kennurum

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	91 (48%)	56 (32%)
Frekar sammála	59 (31%)	53 (30%)
Hvorki sammála né ósammála	20 (11%)	37 (21%)
Frekar ósammála	13 (7%)	21 (12%)
Mjög ósammála	6 (3%)	9 (5%)

Kennslustundir eru vel skipulagðar í áfanganum

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	6 (3%)	9 (5%)
Frekar sammála	39 (21%)	48 (27%)
Hvorki sammála né ósammála	62 (33%)	64 (37%)
Frekar ósammála	62 (33%)	38 (22%)
Mjög ósammála	20 (11%)	16 (9%)

Skipulag á verkefnaskilum er gott

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	10 (5%)	17 (10%)
Frekar sammála	45 (24%)	66 (38%)
Hvorki sammála né ósammála	59 (31%)	47 (27%)
Frekar ósammála	61 (32%)	37 (21%)
Mjög ósammála	14 (7%)	9 (5%)

Verkefnalýsingar eru aðgengilegar	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	34 (18%)	58 (33%)
Frekar sammála	90 (48%)	86 (49%)
Hvorki sammála né ósammála	53 (28%)	25 (14%)
Frekar ósammála	10 (5%)	6 (3%)
Mjög ósammála	(2 (1%))	0 (0%)
Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð kennara	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	37 (20%)	33 (19%)
Frekar sammála	87 (46%)	69 (39%)
Hvorki sammála né ósammála	35 (19%)	43 (24%)
Frekar ósammála	25 (13%)	28 (16%)
Mjög ósammála	4 (2%)	3 (2%)
Fyrirmæli frá kennurum eru skýr	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	8 (4%)	10 (6%)
Frekar sammála	55 (29%)	64 (36%)
Hvorki sammála né ósammála	61 (32%)	59 (34%)
Frekar ósammála	53 (28%)	32 (18%)
Mjög ósammála	11 (6%)	11 (6%)
Mér finnst gott að læra nokkrar námsgreinar í sama áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	44 (23%)	42 (24%)
Frekar sammála	69 (37%)	55 (32%)
Hvorki sammála né ósammála	42 (22%)	30 (17%)
Frekar ósammála	18 (10%)	31 (18%)
Mjög ósammála	16 (8%)	16 (9%)
Mér finnst álag í áfanganum hæfilega mikið	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	30 (16%)	21 (12%)
Frekar sammála	85 (45%)	65 (37%)
Hvorki sammála né ósammála	50 (26%)	49 (28%)
Frekar ósammála	13 (7%)	27 (15%)
Mjög ósammála	11 (6%)	13 (7%)
Mér finnst yfirleitt vera næði til að læra í tímum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	27 (14%)	21 (12%)
Frekar sammála	81 (43%)	57 (33%)
Hvorki sammála né ósammála	44 (23%)	39 (22%)
Frekar ósammála	30 (16%)	35 (20%)
Mjög ósammála	7 (4%)	23 (13%)

Mér finnst kostur að hafa ekki sérstakar kennslubækur	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	75 (40%)	70 (40%)
Frekar sammála	62 (33%)	44 (25%)
Hvorki sammála né ósammála	24 (13%)	37 (21%)
Frekar ósammála	16 (8%)	12 (7%)
Mjög ósammála	12 (6%)	12 (7%)

Ég er ánægð(ur) með að taka þátt í nýjum Íslandsáfanga

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	57 (30%)	39 (22%)
Frekar sammála	65 (35%)	52 (30%)
Hvorki sammála né ósammála	41 (22%)	49 (28%)
Frekar ósammála	10 (5%)	17 (10%)
Mjög ósammála	15 (8%)	18 (10%)

Það er nóg af verkefnum til að vinna að í kennslustundum

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	86 (46%)	98 (56%)
Frekar sammála	74 (39%)	50 (29%)
Hvorki sammála né ósammála	23 (12%)	22 (13%)
Frekar ósammála	5 (3%)	4 (2%)
Mjög ósammála	0 (0%)	1 (1%)

Of mörg verkefni eru í gangi á sama tíma

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	63 (33%)	64 (36%)
Frekar sammála	73 (39%)	45 (26%)
Hvorki sammála né ósammála	39 (21%)	45 (26%)
Frekar ósammála	12 (6%)	18 (10%)
Mjög ósammála	2 (1%)	4 (2%)

Ég fæ að skipuleggja tíma minn í áfanganum

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	34 (18%)	35 (20%)
Frekar sammála	84 (45%)	78 (44%)
Hvorki sammála né ósammála	61 (33%)	47 (27%)
Frekar ósammála	8 (4%)	12 (7%)
Mjög ósammála	0 (0%)	4 (2%)

Ég hef frjálst verkefnaval innan ákveðins ramma

	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	29 (15%)	28 (16%)
Frekar sammála	98 (52%)	83 (47%)
Hvorki sammála né ósammála	52 (28%)	46 (26%)
Frekar ósammála	8 (4%)	14 (8%)
Mjög ósammála	2 (1%)	5 (3%)

Ég nýti tímann vel í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	33 (17%)	28 (16%)
Frekar sammála	97 (51%)	72 (41%)
Hvorki sammála né ósammála	39 (21%)	50 (28%)
Frekar ósammála	16 (8%)	18 (10%)
Mjög ósammála	4 (2%)	8 (5%)
Nemendur eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	65 (34%)	62 (35%)
Frekar sammála	93 (49%)	83 (47%)
Hvorki sammála né ósammála	23 (12%)	26 (15%)
Frekar ósammála	8 (4%)	3 (2%)
Mjög ósammála	0 (0%)	1 (1%)
Ég þarf að læra mikið utan kennslustunda í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	48 (25%)	50 (28%)
Frekar sammála	65 (34%)	61 (35%)
Hvorki sammála né ósammála	44 (23%)	38 (22%)
Frekar ósammála	21 (11%)	23 (13%)
Mjög ósammála	11 (6%)	4 (2%)
Nemendur hafa þjálfast (vel) í hópvinnu í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	52 (28%)	53 (30%)
Frekar sammála	97 (51%)	85 (48%)
Hvorki sammála né ósammála	31 (16%)	28 (16%)
Frekar ósammála	8 (4%)	5 (3%)
Mjög ósammála	1 (1%)	5 (3%)
Hópvinna er hæfilega mikil í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	61 (32%)	33 (19%)
Frekar sammála	73 (39%)	65 (37%)
Hvorki sammála né ósammála	34 (18%)	43 (24%)
Frekar ósammála	17 (9%)	23 (13%)
Mjög ósammála	4 (2%)	12 (7%)
Mér finnst námsferðir hafa heppnast vel í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	56 (30%)	40 (23%)
Frekar sammála	74 (40%)	66 (38%)
Hvorki sammála né ósammála	36 (19%)	49 (28%)
Frekar ósammála	12 (6%)	13 (7%)
Mjög ósammála	8 (4%)	6 (3%)

Símat í áfanganum er betra en próf	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	117 (62%)	113 (65%)
Frekar sammála	43 (23%)	31 (18%)
Hvorki sammála né ósammála	22 (12%)	22 (13%)
Frekar ósammála	3 (2%)	3 (2%)
Mjög ósammála	4 (2%)	6 (3%)

Ég hef áhuga á náminu	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	63 (33%)	41 (23%)
Frekar sammála	85 (45%)	75 (43%)
Hvorki sammála né ósammála	31 (16%)	33 (19%)
Frekar ósammála	8 (4%)	14 (8%)
Mjög ósammála	2 (1%)	12 (7%)

Verkefni í áfanganum eru fjölbreytt	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	61 (32%)	47 (27%)
Frekar sammála	86 (46%)	74 (42%)
Hvorki sammála né ósammála	25 (13%)	36 (20%)
Frekar ósammála	11 (6%)	9 (5%)
Mjög ósammála	5 (3%)	10 (6%)

Kennarar eru nær alltaf til staðar	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	31 (16%)	19 (11%)
Frekar sammála	70 (37%)	57 (32%)
Hvorki sammála né ósammála	52 (28%)	42 (24%)
Frekar ósammála	22 (12%)	38 (22%)
Mjög ósammála	14 (7%)	20 (11%)

Nemendum gafst kostur á að skrifa athugasemdir við áfangana, ýmist það sem þeir vildu segja jákvætt um áfangann og það sem þeir töldu að betur mætti fara. Á haustönn nýttu sér tækifærið 109 nemendur og á vorönn 86 nemendur.

Það sem jákvætt þótti má skipta í meginatriðum í eftirfarandi flokka: Gott að hafa símat í stað lokaprófs. Engar námsbækur. Fjölbreyttur áfangi og verkefni. Skemmtilegur áfangi. Mikil hópvinna hefur verið lærdómsrík og bætt bekkjarandann. Nemendur hafa þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og þurft að sýna ábyrgð. Frjálsræði í verkefnavinnu.

Það sem þótti athugavert eða mætti betur fara er í grófum dráttum eftirfarandi: Skipulag áfangans. Misvísandi upplýsingar frá kennurum. Vantar skýrari verkefnislýsingar. Einkunnagjöf fyrir hópverkefni, of margir nemendur komast upp með að taka lítinn þátt í hópverkefnum. Kennarar eru stundum ekki á staðnum. Of mikil hópvinna. Of mörg verkefni í gangi í einu.

Velgengnis dagar

Svokallaðir velgengnis dagar (VD) voru haldnir í fyrsta sinn samkvæmt nýrri skólanámskrá á síðasta skólaári. Á velgengnisdögum er unnið að markmiðum lífsleikninnar og skólasýn MA og grunnþættir nýrrar menntastefnu, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, sjálfbær þróun, læsi í víðum skilningi, sköpun og heilbrigði, eru í brennidepli. Hefðbundin stundaskrá er brotin upp í þrjá daga og nemendur vinna að ýmsum verkefnum þar sem markmið lífsleikninnar eru höfð að leiðarljósi.

Velgengnis dagar á haustönn voru haldnir 8.-10. nóvember. Lykilhugtök voru einkunnarorð skólans, *virðing*, *víðsýni*, *árangur*, tjáning, samskipti og sjálfsmynd.

Í lok VD var könnun lögð fyrir nemendur þar sem þeir voru spurðir út í viðhorf sín til daganna. Niðurstöðurnar voru svohljóðandi:

	Mjög sammála	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Mjög ósammála	Samtals
Verkefnin voru áhugaverð	22%	66%	10%	2%	1%	100%
Verkefnin voru gagnleg	19%	58%	19%	2%	2%	100%
Við fengum hæfilegan tíma til að vinna verkefnin	52%	39%	6%	3%	0%	100%
Leiðbeiningar voru skýrar	28%	48%	17%	7%	0%	100%
Skipulag Velgengnisdaga var gott	35%	47%	12%	5%	1%	100%
Kennarar voru hjálpsamir	49%	46%	4%	1%	1%	100%

Samkvæmt þessum niðurstöðum er óhætt að fullyrða að viðhorf nemenda hafi verið jákvætt gagnvart þessum fyrstu velgengnisdögum og í opnum spurningum í viðhorfskönnuninni komu nemendur einnig ýmsum jákvæðum athugasemdum á framfæri.

Umsjónarkennarar mátu einnig hvernig til tókst í þetta fyrsta skipti og óhætt er að segja að þar hafi viðhorfin verið blendnari en meðal nemenda. Hér á eftir koma dæmi um athugasemdir kennara.

Jákvætt

- ▲ Gekk mjög vel, skemmtilegir dagar. Nemendur voru mjög ánægðir
- ▲ Áhugaverð verkefni, nemendur hafi gott af því að líta inn á við, bekkjarandinn styrktist
- ▲ Nemendur upp til hópa áhugasamir og unnu vel
- ▲ Vel gekk að undirbúa skemmtiatriði
- ▲ Uppskeruhátíð tókst vel
- ▲ Vinnan við unglínginn gekk vel, ígrundunin góð
- ▲ Vinnan við ljósmyndamarabonið gekk vel en nem. voru orðnir þreyttir að vinna með hugtökin, fannst þeir alltaf vera að tala um það sama
- ▲ Flestir nemendur höfðu gagn og gaman af
- ▲ Ljósmyndamarabonið góð hugmynd

- ⤴ Ágætis uppbrot á venjulegri kennslu
- ⤴ Nemendur höfðu gaman af fyrirlesturum í Kvos og ljósmyndamaráðoni
- ⤴ Tókst mjög vel miðað við frumraun
- ⤴ Krakkarnir áhugasamir og skemmtu sér vel.

Neikvætt

- ⤴ Tímaramminn (ljósmyndamaráðon, of rúmur tími, líka seinni dagurinn)
- ⤴ Of langir dagar
- ⤴ Umhugsunarvert að fá hómópata til að tala við allan fyrsta bekk eins og þetta séu heilög sannindi
- ⤴ Of mikil orka fór í útlit unglingsins, teikningarnar ýta undir fordóma
- ⤴ Myndir í ljósmyndamaráðoni ansi klénar og ólistrænar
- ⤴ Of mikið um að nemendur væru að væflast
- ⤴ Of loðnar og flóknar spurningar um framtíðina
- ⤴ Of langur tími fyrir ljósmyndamaráðonið, þó nokkrir hópar hafi nýtt allan tímann
- ⤴ Síðasti dagurinn var hálfgerð þvæla
- ⤴ Kynningar á myndunum lélegar
- ⤴ Uppbrot vegna VD misheppnað vegna Íslandsáfangans
- ⤴ Skipulag fyrir kennara ekki nógu gott, of mikil ólaunuð vinna
- ⤴ Trúnaðarmenn efins um framkvæmd og lögmæti þessara daga
- ⤴ Of mikið verið að „velta sér upp úr“ einkunnarorðum skólans (en trúlega gleyma þau þeim ekki í bráð)
- ⤴ Verkefnalýsing ruglingsleg, þyrfti að vera einfaldari fyrirmæli.

Farið var yfir þessar umsagnir og fleiri á uppgjörsfundi eftir velgengnisdagana og rætt um hvaða endurbætur þyrfti að gera. Meðal annars var nefnt að huga þyrfti að því að verkefnið hentuðu báðum kynjum en nokkrir kennarar voru á þeirri skoðun að þau væru of stelpumiðuð. Einnig var nefnt að útskýra þyrfti tímanlega lengda viðveru þessa daga fyrir nemendum en vegna tengsla við framhaldsskólaeininguna er viðvera nemenda önnur en samkvæmt hefðbundinni stundaskrá. Nokkrum kennurum fannst of mikil hópvinna þessa daga og að útskýra þyrfti betur hlutverk hvers og eins í hópvinnu.

Velgengnis dagar á vorönn voru haldnir 30. mars til 1. apríl. Lykilhugtök voru gagnrýnin hugsun og upplýsingalæsi, geðrækt, áhættuhegðun og heilbrigður lífstíll.

Í lok velgengnisdaganna var lögð viðhorfskönnun fyrir nemendur þar sem þeir voru spurðir álits á smiðjunum og velgengnisdögunum almennt. Unnið var úr niðurstöðum í forritinu SPSS. Of langt mál er að telja upp allar niðurstöður en á heildina litið voru niðurstöður afar jákvæðar. Til að gefa mynd af niðurstöðum eru hér nokkur dæmi:

VD voru gagnlegir á heildina litið

73% mjög sammála eða frekar sammála, 23% hvorki né og 4% frekar eða mjög ósammála.

Mér finnst skipta máli að fjalla um forvarnir og lífstíl,

90% mjög sammála eða frekar sammála.

Smiðja 1 – Hvar liggja mörkin

Verkefnin voru áhugaverð,

79% mjög sammála eða frekar sammála, 15% hvorki né, 6% frekar eða mjög ósammála

Ég lærði margt í smiðjunni

76% mjög sammála eða frekar sammála, 20% hvorki né, 4% frekar eða mjög ósammála

Gott að kynjaskipta

75% mjög sammála eða frekar sammála, 21% hvorki né, 4% frekar eða mjög ósammála

Smiðja 2- geðrækt

Verkefnin voru áhugaverð

79% mjög sammála eða frekar sammála, 13% hvorki né, 6% frekar eða mjög ósammála

Ég lærði margt í smiðjunni

77% mjög sammála eða frekar sammála, 18% hvorki né, 5% frekar eða mjög ósammála

Gott að kynjaskipta

78% mjög sammála eða frekar sammála, 20% hvorki né, 2% frekar eða mjög ósammála

Smiðja 3 – áhættuhegðun

Verkefnin voru áhugaverð

64% mjög sammála eða frekar sammála, 29% hvorki né, 7% frekar eða mjög ósammála

Ég lærði margt í smiðjunni

52% mjög sammála eða frekar sammála, 37% hvorki né, 11% frekar eða mjög ósammála

Smiðja 4 – heilsueflandi framhaldsskóli

Verkefnin voru áhugaverð

74% mjög sammála eða frekar sammála, 19% hvorki né, 6% frekar eða mjög ósammála

Ég lærði margt í smiðjunni

47% mjög sammála eða frekar sammála, 44% hvorki né, 8% frekar eða mjög ósammála

Uppgjörsfundur var haldinn með kennurum þar sem fram kom almenn ánægja með framvindu daganna, kennurum fannst innleggin í smiðjunum áhugaverð og fræðandi og nemendur almennt áhuga- og vinnusamir. Skiptar skoðanir voru um hvort velgengnisdagar að hausti eða vori hefðu verið áhugaverðari. Sú skoðun kom fram að gott hefði verið að brjóta upp velgengnisdaga á vorönn á svipaðan hátt og haustönn með ljósmyndamaðoni sem vakti almenna ánægju.

Eins og sjá má voru viðhorf kennara almennt jákvæðari í garð seinni lotunnar. Ýmsar skýringar gætu verið á því s.s. að þar gat hver og einn einbeitt sér að einu tilteknu viðfangsefni og trúlega hefur það einnig haft áhrif að búið var að taka mesta „hrollinn“ úr kennurum á fyrri önn. Einnig má leiða líkur að því að þau vinnubrögð sem nemendur hafa tileinkað sér í Íslandsáföngunum hafi yfirfærst í góða vinnu á velgengnisdögum.

Samantekt og mat

Eftir velgengnisdaga var haldinn uppgjörsfundur þar sem farið var yfir jákvæðar og neikvæðar athugasemdir kennara og nemenda.

Mikill meirihluti nemenda var, samkvæmt viðhorfakönnunum á báðum önnum, ánægður með viðfangsefni og fyrirkomulag velgengnisdaga. Töldu þeir alla jafna

viðfangsefnin vera áhugaverð og gagnleg, skipulagið gott og kennara hjálpsama. Skoðanir voru skiptari meðal kennara, sérstaklega gagnvart velgengnisdögum á haustönn, en þar þótti nokkrum kennurum of mikil áhersla lögð á hópverkefni og skipulag ekki nægilega gott. Meiri almenn ánægja var með fyrirkomulag og viðfangsefni vorannar. Vinna sem þessi er krefjandi fyrir kennara, vinnubrögðin önnur en flestir eiga að venjast og því eðlilegt að óöryggi gagnvart verkefnum komi fram. Við skipulag næsta skólaárs verða athugasemdir kennara hafðar til hliðsjónar við skipulag VD. Einnig verður hugað að því hvort heppilegra sé að ráða sérstaka velgengnisdagakennara og binda það ekki endilega saman að vera umsjónarkennari í 1. eða 2. bekk og að sjá um velgengisdaga í sama bekk.

Hlýtt á starfsfólk

Á Þorrastefnu 27. janúar 2011 var lögð áhersla á að fá fram skoðanir og viðhorf starfsfólks til skólastarfsins, vinnuaðstöðu, líðanar í starfi, samskipta starfsfólks, starfsanda og fleira. Til að ná þessu fram var í fyrsta lagi starfsfólki gert að svara ákveðnum spurningum á rafrænu formi (sjá fylgiskjöl) hvert fyrir sig og í öðru lagi var starfsfólki skipt í hópa sem allir fengu spurningar til umfjöllunar (sjá fylgiskjöl). Sjálfsmatsnefnd flokkaði gögnin eftir nokkrum þemum og kynnti niðurstöðurnar á Góustefnu í febrúar 2011. Þetta eru helstu niðurstöðurnar:

Rafræn könnun: (Hver svarandi vegur u.þ.b 2%)

Mér líður vel í vinnunni

- Mjög sammála (45%)
- Frekar sammála (43%)
- Hvorki sammála né ósammála (4%)
- Frekar ósammála (8%)
- Mjög ósammála (0%)

Ég er ánægð(ur) með vinnuaðstöðu mína í skólanum

- Mjög sammála (22%)
- Frekar sammála (57%)
- Hvorki sammála né ósammála (6%)
- Frekar ósammála (14%)
- Mjög ósammála (0%)

Ég finn fyrir stuðningi annarra starfsmanna við störf mín

- Mjög sammála (33%)
- Frekar sammála (51%)
- Hvorki sammála né ósammála (14%)
- Frekar ósammála (2%)
- Mjög ósammála (0%)

Ég er ánægð(ur) með stefnu skólans eins og hún er kynnt í skólanámskrá

- Mjög sammála (29%)
- Frekar sammála (38%)
- Hvorki sammála né ósammála (23%)
- Frekar ósammála (8%)
- Mjög ósammála (2%)

Stjórnendur taka á vandamálum

- Mjög sammála (15%)
- Frekar sammála (50%)
- Hvorki sammála né ósammála (21%)
- Frekar ósammála (13%)
- Mjög ósammála (2%)

Skólinn er góður vinnustaður

- Mjög sammála (47%)
- Frekar sammála (45%)
- Hvorki sammála né ósammála (6%)
- Frekar ósammála (2%)
- Mjög ósammála (0%)

Mér finnst starfsmenn hafa mikil áhrif á ákvarðanir og stefnu í skólanum

- Mjög sammála (18%)
- Frekar sammála (47%)
- Hvorki sammála né ósammála (27%)
- Frekar ósammála (6%)
- Mjög ósammála (2%)

Starfsandi í skólanum er góður

- Mjög sammála (16%)
- Frekar sammála (49%)
- Hvorki sammála né ósammála (29%)
- Frekar ósammála (6%)
- Mjög ósammála (0%)

Starfsandi á vinnustofunni minni er góður

- Mjög sammála (51%)
- Frekar sammála (41%)
- Hvorki sammála né ósammála (6%)
- Frekar ósammála (2%)
- Mjög ósammála (0%)

Þegar niðurstöður rafrænu könnunarinnar eru skoðaðar þá kemur í ljós að meirihluta starfsfólks líður vel í vinnunni og svo virðist sem flest starfsfólkið finni fyrir stuðningi samstarfsfólks. Um 14% starfsfólks er ekki ánæggt með vinnuaðstöðu sína og svipaður fjöldi starfsfólks er sömuleiðis ekki sammála því að stjórnendur taki á vandamálum.

Þegar niðurstöður spurningarinnar um „Ég er ánægður með stefnu skólans eins og hún er kynnt í skólanámskrá“ þarf að hafa í huga að hugsanlega hefur svarendum ekki verið fullljóst hvort um var að ræða gömlu eða nýju námskrána en það hefði þurft að koma skýrar fram að um nýju námskrána var að ræða. Rúmlega fjórðungur starfsfólks er hvorki sammála né ósammála því að það hafi mikil áhrif á ákvarðanir og stefnu skólans, og 8% er ósammála því. Þegar spurt er um starfsanda annarsvegar í skólanum og hinsvegar á vinnustofunni minni er niðurstaðan sú að starfsfólki virðist líða betur á sinni starfsstöð innan skólans heldur en í skólanum sem heild. Mjög mikill meirihluti starfsfólks (92%) finnst MA vera góður vinnustaður, einungis 6% svara að þeir séu hvorki sammála né ósammála og 2% segist vera frekar ósammála sem má teljast gott.

Hópavinna: Starfsfólki var skipt í 9 hópa. Hver hópur fékk þrjár spurningar til að ræða en spurningarnar voru tólf talsins. Ekki náðist að ræða allar spurningar og því ekki fjallað um allar hér á eftir.

Hvað er best hér í MA og má ekki glatast?

Tveir hópar fjölluðu um þetta viðfangsefni og kom fram að sérstaða meðal framhaldsskóla fælist í skólabragnum og þykir brýnt að viðhalda gömlum hefðum og halda í þá ímynd að við séum forn og framsækinn skóli. Samheldni MA nemenda hefur alltaf verið mikil og fyrrverandi nemendur eru duglegir og stoltir af því að tengja sig við skólann eftir að námi lýkur sem þarf að halda áfram. Einnig kom fram að góður starfsandi væri mikilvægur og nauðsynlegt að halda í hann, en það var einnig nefnt að klíkumyndun innan kennarahópsins væri til staðar sem þyrfti að draga úr. Að lokum var minnst á að góðir nemendur hafa verið aðalmerki MA og mikilvægt væri að halda í þá.

Hvað er brýnast að bæta úr hér í MA?

Tveir punktar komu fram varðandi þessa spurningu. Í fyrsta lagi að bæta samskipti milli deilda og í því sambandi er nefnt að bæta megi upplýsingastreymi til að fyrirbyggja togstreitu milli fólks. Í öðru lagi er bent á að brýnt sé að huga að hópastærðum í neðri bekkjum, námsgengi og umgengni.

Aðbúnaður og aðstaða (kennarastofa, vinnuherbergi, mötuneyti o.s.frv.)

Margar athugasemdir komu fram varðandi aðbúnað svo sem að það vantaði starfsmannasalerni og sameiginlega kaffiástöðu á Möðruvelli, en nú þegar hefur verið brugðist við þeirri athugasemd.

Loftræsting á skrifstofu bókasafnsvarðar og í Gamla skóla er sögð ónóg og lýsing í Gamla skóla einnig. Stólar eru sumir hverjir taldir afleitir og hillupláss er af skornum skammti sumstaðar en tiltekt gæti leyst þann vanda að einhverju leyti. Ekki voru allir ánægðir með tölvu- og fartölvumál, en það má að hluta til skýra vegna fjárskorts.

Vegna aukinnar samkennslu og hópavinnu er stundum þröngt í stofum. Við þessu verður brugðist í sumar með því að útbúa stóra stofu á Möðruvöllum sem nýta má fyrir stærri hópa.

Nefnt var að það þyrfti að setja upp handrið beggja vegna við stiga á Möðruvöllum og í Gamla skóla og það vantaði handlaugar í stofur.

Starfsfólk sem hefur vinnuáðstöðu undir Bláhimni virðist vera ánægðast með sína aðstöðu og einnig kom fram að ræstitæknar eru ánægðir með sína aðstöðu. Varðandi mötuneytið var kallað eftir meiri fjölbreytni, sérstaklega í morgunkaffinu og einnig var kvartað yfir miklum hávaða þar. Minnst var á að kennarastofur (vinnustofur) væru margar og dreifðar sem kæmi í veg fyrir að kennara kynntust náið og að þetta fyrirkomulag gæti ýtt undir sundurlyndi.

Álag í starfi. Hvernig getur samstarfsfólk/skólinn brugðist við ef það er of mikið?

Bent var á að í fyrsta lagi þyrfti fólk að tjá sig ef því liði illa og hluti af lausninni væri að viðurkenna vandann. Óánægjuraddirnar verða að fá að heyrast til að hægt sé að takast á við vandann. Atriði sem nefnd voru sem auka álag í starfi voru óþægilegar bekkjastærðir þar sem krafan um símat eykst á sama tíma sem leiðir til mun meiri vinnu fyrir kennara. Þetta skapar hættu á að kennarar dragi úr verkefnum og yfirferð verkefna til að minnka álagið. Hins vegar kom fram annað sjónarmið að aukið símat skili ekki endilega alltaf betri nemendum sem eiga til að skrifa upp eftir öðrum nemendum eða leggja minni vinnu í verkefni en ella ef mikið er um verkefni.

Orðspor skólans og ímynd. Hvernig getum við haldið því við?

Aðeins einn hópur fjallaði um þetta viðfangsefni og var einungis einn punktur nefndur sem varðar það að við verðum að passa upp á það sem ratar í fjölmiðla frá okkur.

Skýrleiki á reglum og vinnulagi innan skólans. Á hvaða málum þarf skólinn helst að taka?

Menn voru sammála um að það væri nauðsynlegt að hafa sameiginlegar, einfaldar reglur er lúta meðal annars að prófum, agavandamálum og umgengni.

Samskipti innan starfsmannahópsins. Eru þau nægjanleg eða góð? Hvernig má bæta þau?

Rauði þráðurinn varðandi þetta atriði hjá þeim hópum sem fjölluðu um samskipti innan starfsmannahópsins var að helsta ágreiningsmálið væri út af nýju námskránni og eftir að sú vinna fór af stað hafi togstreita myndast milli hópa. Gagnrýnt var að ekki hafi verið hlustað á tillögur sumra og að lokamarkmiðið hafi verið ákveðið áður en rætt var um leiðir að því og þar af leiðandi væri ekki allt að ganga upp sem skyldi. Til að bæta þetta ástand þurfi í fyrsta lagi að hugsa þetta sem faglegan ágreining en ekki persónulegan, í öðru lagi að hafa fleiri samræðufundi og í þriðja lagi að hafa meiri úrvinnslu í kjölfar vinnufunda.

Tækifæri í MA

Litlar umræður voru um þetta atriði þar sem einungis einn hópur fjallaði um það og tími var af skornum skammti.

Vinnuherbergi starfsfólks í skólanum. Er ástæða til þess að breyta fyrirkomulagi varðandi það hverjir deila vinnuáðstöðu?

Þeir hópar sem fjölluðu um þetta atriði voru sammála um að það ætti ekki að slíta starfsfólk úr því starfsumhverfi sem það væri í. Hagræðing væri í því að hafa fólk saman sem t.d. kenndi sömu greinar varðandi gögn og samvinnu innan greina. Einnig var nefnt að eftir að störf námsgreinastjóra voru lögð af hafi upplýsingaflæði minnkað og erfiðara sé að halda utan um samstarf, stjórna þróunarvinnu og sinna samskiptum við aðra skóla.

Brotthvarf nemenda

Af þeim nemendum sem skráðir eru í áfanga taka tæp 99% að jafnaði lokapróf í áfanganum. Það er hátt hlutfall. Hins vegar er brotthvarf nemenda frá MA nokkuð algengt. Í mars var farið yfir tölur varðandi brotthvarf nemenda í 1. og 2. bekk skólaárið 2009 – 2010. Alls hurfu 65 nemendur þessara árganga frá skólanum það skólaár en sjö þeirra fóru sem skiptinemar og snúa væntanlega til baka. Alls fóru 38 nemendur fyrsta bekkjar og 20 annarsbekkjar yfirgáfu skólann. Þeim hóp má gróflega skipta í tvennt, þá sem ætla annað og hina sem standast ekki kröfur skólans en vildu gjarna vera áfram. Hér er talað um brotthvarf frekar en brottfall vegna þess að stærsti hlutinn skráir sig í áframhaldandi nám. Þannig voru 26 af þessum 58 sem yfirgáfu skólann skráðir í VMA eða stefndu að því og 12 við aðra skóla. Brotthvarf undanfarin ár hefur farið minnkandi en er þó nokkuð sveiflukennt frá rúmum 10% og niður í tæp 7%.

Ytra mat á starfi Menntaskólans á Akureyri

Menntamálaráðuneytið hefur undanfarin ár fengið óháða aðila til þess að meta skólastarf framhaldsskóla, svo kallað ytra mat. Í vor var fyrirtækið Hitt og þetta ehf. fengið til að meta nokkra þætti skólastarfsins í MA, þar á meðal sjálfsmatið. Voru tekin viðtöl við starfsfólk og nemendur um mánaðamótin apríl maí 2011. Miðað við fyrirspurnir frá matsfyrirtækinu og athugasemdir í drögum að skýrslu virðist sem að skýrsluhöfundar telji að sjálfsmatið þurfi einhverrar endurskoðunar við. Skýrslan kemur út í haust og brugðist verður við niðurstöðum hennar eins og þurfa þykir.

Starf matsfulltrúa vegna innleiðingar nýrrar námskrár

Stefán Þór Sæmundsson hóf störf sem matsfulltrúi nýrrar námskrár Menntaskólans á Akureyri í byrjun september 2010. Var það til að fylgja eftir styrk frá Þróunarsjóði framhaldsskóla vegna innleiðingar á nýrri námskrá. Starfið var mótað fyrstu vikurnar og ákveðið hvaða verkefni yrðu framundan fyrsta skólaárið. Lögð var fram verkáætlun með fyrirvara um breytingar. Fyrstu vikurnar einkenndust af margháttaðri undirbúningsvinnu. Fyrirliggjandi var starfslýsing matsfulltrúa í stórum dráttum og var unnið út frá henni. Matsfulltrúi viðaði að sér gögnum um skólaþróun og mat. Þegar námskráin færist upp á

eldri árganga má frekar huga að ytra mati þar sem m.a. er hægt að bera saman gögn og árangur milli ára.

Helstu samráðsfundir í september voru þessir: Í byrjun september fundaði matsfulltrúi með valinkunnum hópi, s.s. aðstoðarskólameistara, verkefnisstjóra nýrrar námskrár og brautarstjórum. Þar var farið yfir starfslýsingu og hugmyndir matsfulltrúa. Hann setti sig í samband við Miðstöð skólaþróunar við HA og átti fund með Birnu Svanbjörnsdóttur, forstöðumanni Miðstöðvarinnar um miðjan september. Kom í ljós áhugi á samstarfi en Miðstöðin er sjálfstæð stofnun sem selur þjónustu sína og þarf að skoða það nánar. Valgerður Bjarnadóttir, verkefnisstjóri nýrrar námskrár, sat einnig fundinn. Þá var fundað seinni hluta september um næstu skref og samvinnu við matið. Gerð voru drög að verkáætlun og þau lögð fyrir sjálfsmatsnefnd MA á fundi í lok september. Matsfulltrúi sat fundi nefndarinnar eftir þörfum og hafði samstarf við hana um matið. Þá var unnið í samráði við verkefnisstjóra velgengnisdaga að matsþáttum á bekkjarfundum og í gæðahringjum.

Að öðru leyti er vísað í ítarlega skýrslu matsfulltrúa á vef skólans.

Úrbætur

Úrbætur sem vinna þarf að strax

1. Reyna þarf að halda brotthvarfi áfram lágu og reyna að koma í veg fyrir sveiflur undanfarinna ára. Finna þarf leiðir til að styðja þá nemendur sem vilja vera hér áfram en ná ekki lágmarksárangri.
2. Í kaflanum um líðan starfsfólks koma fram athugasemdir um mötuneyti starfsfólk. Setja mætti til dæmis á fót mötuneytisráði til að koma óskum starfsmanna á framfæri.
3. Stjórnendur verða að gæta þess að starfsmenn fái betri tíma til að ræða og vinna úr ágreiningi og ólíkum viðhorfum hverju sinni.
4. Áfram þarf að viðhalda góðum starfsanda í skólanum og bæta hann milli deilda.
5. Endurskoða þarf starf sjálfsmatsnefndar í tengslum við nýja námskrá og niðurstöðum ytra mats.
6. Halda þarf áfram að fylgjast með þróunarstarfi í Íslandsáföngunum sem og öðrum námsgreinum í nýrri námskrá. Sýnilega er þreyta í nemendum Íslandsáfanganna á vorönn og reyna þarf að hvetja þá til dáða.

Næstu skref í sjálfsmatinu

- Hlýða þarf á nemendur 2. bekkjar varðandi námsskipulag nýrrar námskrár.
- Ákveða skipulag áfangamats og endurskoða fyrirkomulag þess með tilliti til nýrrar námskrár.
- Kanna viðhorf foreldra ólöggráða nemenda.

- Skoða bekkjarfundi og nýtt fyrstabekkjarráð.
- Töluleg mörk og kvarða þarf að setja hvað varðar fall og einkunnir og skilgreina farveg sem þau mál fara í.
- Endurskoða starf sjálfsmatsnefndar.

Lokaorð

Vorið 2011 var sótt um styrk úr Verkefnasjóði skólasamninga hjá Menntamálaráðuneytinu. Nú síðsumars þegar verið er að ganga frá sjálfsmatsskýrslunni er ljóst að ráðuneytið hefur úthlutað Menntaskólanum á Akureyri kr. 900.000,- til endurskoðunar á sjálfsmati skólans. Beðið er eftir endanlegri úttektarskýrslu Hins og þessa ehf. Væntanlega verða niðurstöður hennar leiðbeinandi að einhverju leyti um breytingar á umfangi og verkefnum sjálfsmatsnefndar.

September 2011, Menntaskólanum á Akureyri

Anna Sigríður Davíðsdóttir

Bjarni Guðmundsson

Guðný Guðmundsdóttir

Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir